

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2310/96****frá 2. desember 1996****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 1101/89 varðandi skilyrði fyrir aukinni flutningsgetu stjakkbáta á skipgengum vatnaleiðum(\*)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1101/89 frá 27. apríl 1989 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2819/95 <sup>(2)</sup>, einkum c-lið 1. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Breytingar á rekstrarsviði stjakkbáta á innri flutningsmarkaði á skipgengum vatnaleiðum kalla á að hlutfallinu „nýtt fyrir gamalt“ verði breytt í því skyni að stuðla að því að viðeigandi tækjabúnaður verði færður til nútímahorfs af öryggisástæðum. Því ber að breyta hlutfallinu þannig að það verði lækkað í 1:1.

Haft hefur verið samráð við aðildarríkin um ráðstöfunina sem kveðið er á um í reglugerð þessari og álitserð hefur borist frá sérfræðinganevnd um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum eins og kveðið er á um í 12. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 1102/89 frá 27. apríl 1989 um

sérstakar ráðstafanir vegna framkvæmdar reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1101/89 um skipulagsumbætur í flutningum á skipgengum vatnaleiðum <sup>(3)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 3039/94 <sup>(4)</sup>.**SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:****1. gr.**

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á öðrum undirlið a-liðar 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1101/89:

„Þegar um stjakkbáta er að ræða skal nota hugtakið hreyfiafl í stað tonnatölu. Fyrir þessa gerð skipa skal hlutfallið milli hreyfiafls stjakkbáts sem hefur nýlega verið tekinn í notkun og hreyfiafls fyrrum stjakkbáts sem hefur verið úreלטur vera jafnt (1:1), sem er frávik frá ákvæðum fyrsta liðar.“

**2. gr.**Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi frá því að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. desember 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

*Neil KINNOCK*

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB nr. L 313, 3. 12. 1996, bls. 8, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/97 frá 30. apríl 1997 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 116, 28. 4. 1989, bls. 25.<sup>(2)</sup> Stjtið. EB nr. L 292, 7. 12. 1995, bls. 7.<sup>(3)</sup> Stjtið. EB nr. L 116, 28. 4. 1989, bls. 30.<sup>(4)</sup> Stjtið. EB nr. L 322, 15. 12. 1994, bls. 11.